

MANNRÉTTI NDASKRIFSTOFA
ÍSLANDS

Laugavegi 31, 101 Reykjavík • P.O.Box 107 121 Reykjavík
Sími: 5522720 • Fax 5522721

121. löggjafaskipting 1996
260. mál.

Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. maí 1997

Frumvarp til laga um réttindi sjúklinga

Stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands fagnar því að lagt hefur verið fyrir Alþingi frumvarp til laga um réttindi sjúklinga, þar sem markmiðið er að tryggja sjúklingum tiltekin réttindi í samræmi við almenn mannréttindi og mannhelgi.

Stjórnin lýsir ánægju sinni yfir því að skyrt er tekið fram í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins og á bls. 8 í athugasemdum með frumvarpinu að réttindi sjúklinga séu meðal almennra mannréttinda og gæta beri jafnræðis milli sjúklinga, sbr. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Ástæða er til að þenda á nokkur atriði í frumvarpinu sem æskilegt væri að breyta.

Í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins segir að tryggja skuli sjúklingum „sem sambærilegasta heilbrigðisþjónustu“. Þetta orðalag er óljóst og hætta er á að það muni geta verið túlkað þannig að stangist á við jafnræðisregluna, sem þegar er komin fram í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Nú er það svo að vegna búsetu manna og annarra aðstæðna er ekki ávallt hægt að veita nákvæmlega sömu þjónustu, en einungis það að orðalaginu yrði breytt í „sambærilega heilbrigðisþjónustu“, veitir meira öryggi fyrir því að jafnræðisreglunnar verði gætt. Fara verður fram á að sjúklingar fái sambærilega heilbrigðisþjónustu, óbundið búsetu, efnahag eða öðrum aðstæðum. Því þykir orðalagið „sem sambærilegasta heilbrigðisþjónustu“ ekki nógu markvisst.

Í 4. mgr. 27. gr. frumvarpsins segir að sjúk börn á skólaskyldualdri, sem dveljast á heilbrigðisstofnunum skuli hafa aðgang að kennslu sem hæfir aldri þeirra og ástandi. Samkvæmt 1. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem fullgiltur var fyrir Íslands hönd þann 28. október 1992, merkir barn hver sá einstaklingur sem ekki hefur náð 18 ára aldri, nema hann nái fyrr lögræðisaldri samkvæmt lögum þeim sem hann lýtur. Lögræðisaldur samkvæmt íslenskum lögum er 18 ár og eru því einstaklingar yngri en 18 ára börn samkvæmt Barnasáttmálans. Samkvæmt 27. gr. Barnasáttmálans eiga öll börn rétt til

menntunar. Það verður því að gera athugasemd við 4. mgr. 27. gr. frumvarpsins, þar sem einungis er miðað við að sjúk börn á skólaskyldualdri, þ.e.a.s. börn upp að 16 ára aldri, skuli hafa aðgang að kennslu. Ætlast verður til að öll sjúk börn hafi aðgang að kennslu, hvort sem hún er veitt innan heilbrigðisstofnunar eða utan. Telja verður að það sé nógu erfitt fyrir börnin að stríða við veikindi sín, þó ekki bætist við að þau dragist aftur úr í námi og séu því verr sett en jafnaldrar þeirra þegar þau hafa náð heilsu.